

Ár kvikmyndafélag ehf  
Furuhlíð 9  
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 7. september 2023  
UST202308-044/P.V.B.  
09.04.00

**Efni: Leyfi fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum og akstri utan vega við Litla Hrút**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Ár kvikmyndafélag ehf fyrir hönd ZDF Germany, dagsett, 9. ágúst 2023, um leyfi til kvikmyndatöku innan Dettifoss, Dimmuborgir, Dyrhólaey, Goðafoss, Hverfjall, Mývatn, Reykjanesfólkvangur og Skógafoss og til akstur utan vega við Litla Hrút á Reykjanesi.

Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 457/1996](#). Mannvirkjagerð, jarðrask og breytingar á landi, vatnsborðshæð eða rennsli vatna er háð leyfi Umhverfisstofnunar að fenginni umsögn umsjónarnefndar um málefni náttúruvættisins.

Dimmuborgir eru friðlýstar sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 1262/2011](#). Óheimilt er að hrófla við eða skemma á annan hátt jarðmyndanir, spilla gróðri eða trufla dýralíf í náttúruvættinu. Sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir öllum athöfnum og viðburðum svo sem stærri samkomum og kvikmyndun.

Dyrhólaey er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 101/1978](#). Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt 4. kafla í [stjórnunar- og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er flug fjarstýrðra loftfara óheimilt innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Jafnframt skal leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar og samkomuhalds skv. stjórnunar- og verndaráætlun náttúruvættisins

Goðafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsingu nr. 647/2020](#). Óheimilt er að raska gróðri, trufla dýralíf og hrófla við jarðmyndunum á friðlýsta svæðinu. Flug fjarstýrðra loftfara er óheimilt innan náttúruvættisins nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi og innan náttúruvættisins eru háðar leyfi Þingeyjarsveitar sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010, landeigenda og Umhverfisstofnunar sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Hverfjall er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 1261/2011](#). Óheimilt er að spilla gróðri í náttúruvættinu og óheimilt er að trufla dýralíf af ásetningi innan marka náttúruvættisins. Almennings er heimil för um náttúruvættið, en fylgja skal merktum stígum og leiðum í samræmi við fyrirmæli hverju sinni.

Mývatn og Laxá í Suður-Pingeyjarsýslu eru vernduð skv. [lögum nr. 97/2004](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Samkvæmt 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu skal leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 477/1987](#). Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt [stjórnunar og verndaráætlun náttúruvættisins](#) er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um lefi til kvikmyndatöku og drónaflugs innan svæðana Dettifoss, Dimmuborga, Goðafoss, Hverfjall og Mývatn 9. september 2023, Dyrhólaey 14. september 2023, Reykjanesfólkvangs (fjórar staðsetningar) 7. september 2023 og Skógafoss 11. eða 12. september 2023. Kort sem sýnir flugleiðir drónans fylgdi með umsókn. Ekki er þörf á að fara útfyrir stíga og engin leikmynd fylgir tókunum. Kort sem sýnir fyrirhugaðar akstursleiðir að gosstöðvunum við Litla Hrút 7 september 2023 fylgdi með umsókn. Að verkinu kæmu 6-8 manns. Sótt er um leyfi til að keyra 2 bíla (bílnúmer FIG22 og varabíll IRU69) að gosstöðvunum með búnað en ekki er vitað hvort hægt sé að koma öllum búnaðinum fyrir í einum bíl.

#### **Umsagnir:**

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúruverndarstjórnarinnar við Mývatn þann 4. september 2023 vegna verkefnisins. Engar umsagnir bárust.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufer og verndargildi Dyrhólaeyjar, Goðafoss, Mývatns og Skógafoss. Gestir svæðisins geta þó orðið fyrir truflunum rétt á meðan flug fer fram. Umhverfisstofnun metur að akstur utan vega að Litla Hrút geti haft áhrif á náttúru þess svæðis sem ekið verður um, en hægt er að lágmarka þau áhrif ef neðangreindum skilyrðum er fylgt og eingöngu keyrt eftir Meradalaleið (leið E á göngukortum af svæðinu)

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun metur út frá upplýsingum umsækjanda og þeim reglum sem gilda um Dettifoss, Dimmuborgir, Hverfjall og Reykjanesfólkvang sbr. auglýsingum um friðlýsingu að verkefnið sé ekki leyfisskylt af hálfu stofnunarinnar innan þessara svæða.

Umhverfisstofnun veitir Ár kvikmyndafélag ehf fyrir hönd ZDF Germany fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi innan Dyrhólaey, Goðafoss, Mývatn og Skógafoss og akstur utan vega eftir Meradalaleið sbr. lýsingu hér að ofan 7.-14. september 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er óheimill við Dettifoss, Dimmuborgir, Dyrhólaey, Goðafoss, Hverfjall, Mývatn, Reykjanesfólkvangur og Skógafoss.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er. Færri gestir heimsækja svæðið snemma morguns og síðdegis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Vegna lífríkisverndar er óheimilt að fljúga inn í gilið við Skógafoss.
- Óheimilt er að fljúga nær fuglabjörgum en 50 metra ef fugl er í bjarginu.

- Ef fálkar eða ernir eru á flugi á svæðunum er óheimilt að setja drónan á loft.
- Til að koma í veg fyrir að myndefnið hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Einungis skal aka bifreiðum eftir Meradalarleið. Óheimilt er að keyra eftir utan hennar .
- Taka skal tillit til gangandi og hjólandi vegfarenda á leiðinni.
- Dekkjastærð ökutækis skal vera að lágmarki 38 tommur. Hleypa skal lofti úr dekkjunum til að lágmarka rask á þeim hluta leiðarinnar sem er verst farinn.
- Ökutækjum skal lagt þannig að þau hindri ekki aðkomu viðbragðsaðila og vísindamanna.
- Vettvangsstjórn er heimilt að takmarka eða loka fyrir aðgengi að svæðinu, s.s. vegna öryggis, veðurs, aðstæðna eða fjölda bíla á svæðinu.
- Leyfið gildir einungis fyrir einni ferð fram og til baka á tímabilinu.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski.

Ef umsækjandi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

#### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **76.000**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

#### **Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
*sviðsstjóri*

René Biasone  
*sérfræðingur*